

Bryndís Kristinsdóttir,  
klínískur tannsmíðameistari, *Alþingi*  
Skiopholti 50 C

105 Reykjavík.

S: 588-6612 & 894-2020

*Erindi nr. P 139/1900*

*komudagur 2.4.2011*

Reykjavík, 31. mars 2011

Nefndasviðs Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Undirrituð óskar eftir að koma eftirfarandi umsögn við frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, mál 575 á framfæri.

1. Grein nr. 33. í lagafrumvarpinu fjallar um brottfall á lögum. Í lið 15 í greininni er talað um Lög um starfsréttindi tannsmíða nr. 109/2000, sem þau væru almenn lög um tannsmíði. Hið rétta er að lög 109/2000 eru sérlög sem fjaila um starfsréttindi tannsmíðameistara, sem hafa aflað sér með námi og prófi í "klínískum tannsmíðum" í Danmörku, viðbótarréttindi í tannsmíði. ( sjá lög 109/2000. Sjá þskj 246 frá 125 löggjaf. sjá Reglugerð 904/2000 og Reglur 937/2000)


2. Samkvæmt lögum þessum hafa 9 tannsmíðameistarar fengið sérstakt leyfisbréf frá Íðnaðarráðuneytinu til þess að starfa sjálfstætt hér á landi, sem klínískir tannsmíðir. (sjá skrá um starfsleyfi)

3. Hér gætir einhvers misskilnings, ef álitid er að lög 109/2000 gildi um tannsmíði almennt. Um tannsmíði, sem iðnaðarmenn, gilda Iðnaðarlög nr.42 frá 18 maí 1978 og taka til reksturs hvers konar iðnaðar í atvinnuskyni og þar með talinn handiðnaður. Það er því ekki rétt sem stendur í athugasemdum við lagafrumvarpið, undir lið15, um ákvæði gildandi laga að " Tannsmíði er löggilt iðngrein og um tannsmíði gilda lög um starfsréttindi tannsmíða, nr. 109/2000, reglugerð nr. 904/2000, um starfsréttindi tannsmíð, og reglur nr. 937/2000 um takmörkun á starfsréttindum tannsmíða. Tannsmíðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. ummið að töku móta og mátun" Tannsmíðameistarar almennt geta ekki á eigin ábyrgð smíðað tanngóma. Samkvæmt heimasíðu Iðnaðarráðuneytisins hafa 9 tannsmíðameistarar fengið starfsleyfi samkvæmt framangreindum lögum, reglugerðum og reglum.

4. Í grein nr. 33. Brottfall laga, er listi yfir þau lög sem falla brott með lagafrumvarpinu um heilbrigðisstarfsmenn. Þar á meðal er talið upp í lið15 lög 109/2000, sem eins og bent er á hér að ofan eru sérlög um réttindi, sem aflað er erlendis til viðbótar almennum iðnaðarréttindum og viðurkennd af Iðnaðarráðuneytinu, sbr. sérstakt starfsleyfi.

Með þessu brottfalli laga 109/2000 er verið að svipta Klíníska tannsmíðameistara atvinnuréttindum, sem þeir hafa hlotið samkvæmt eldri lögum. Það hlýtur að vera vilji löggjafans að svo sé ekki og vil ég því koma á framfæri þeirri ósk minni að hugað sé betur að brottfalli laga 109/2000.

Með vinsemd og virðingu



Bryndís Kristinsdóttir  
Klínískur tannsmíðameistari.